

Vegagerðin, Austursvæði
Búðareyri 11-13
730 Reyðarfjörður

Akureyri, 27. október 2020
UST202003-224/G.S.Á.
08.06.02

**Eftirlit 2020 - Vegagerðin - Reyðarfjörður - Reglubundið eftirlit þann 2.10.2020,
hjá bikstöð Vegagerðarinnar á Reyðarfirði**

Þann 2. október sl. fór fram eftirlit í bikstöð Vegagerðarinnar á Reyðarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarna-eftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Rekstraraðili fékk undanþágu vegna sama fráviks, frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu þann 1. desember 2017 en rann sú undanþága út þann 1. janúar 2019 án þess að sótt hafi verið um breytingu á starfsleyfi eða skilyrði sem fram koma í gr. 2.2 í starfsleyfi rekstraraðila verið uppfyllt. Sama frávik er því aftur sett fram.

**Ein ábending var sett fram er varðar uppsöfnun tóms efnabamba í lekavarnarþró.
Eitt frávik kom fram við eftirlit er varðar:**

1. Gr. 2.2 í starfsleyfi. Krafa er gerð um að áfylling flutningsgeyma (bíla) skuli fara fram á olíuheldu áfyllingarplani með niðurfalli í lægsta punkti sem tengt er olíuskilju.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 18. nóvember 2020.

Virðingarfyllst,

G. Stella Árnadóttir
Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur

Gottskálk Friðgeirsson
Gottskálk Friðgeirsson

Afrit:
Heilbrigðisnefnd Austurlands

EFTIRLITSSKÝRSLA

Vegagerðin Reyðarfjörður



Dags eftirlits	2.10.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Vegagerðin	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Borgartúni 5 - 7	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	680269-2899	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Davíð Þór Sigfússon	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	N65°01'524" V14°12'563"

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlit er varðar frávik frá árinu 2016, um að ágylling flutningsgeyma skuli fara fram á olíuheldu áfyllingarplani með niðurfalli í lægsta punkti sem tengt er olíuskilju. Ein ábending var sett fram er varðar uppsöfnun tómra efnabamba í lekavarnarþró.

UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlitsins var eftifarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Staða frávika frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Rekstrarhandbók
- Áætlanir og viðbrögð
- Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.

Farið var yfir niðurstöður síðasta eftirlits. Engin frávik komu fram við síðasta eftirlit og engar ábendingar gerðar en stöðin hafði undanþágu frá ráðuneyti umhverfis- og auðlindamála vegna eldra fráviks, um olíuhelt áfyllingaplan með niðurfalli í lægsta punkti tengt olíuskilju. Undanþágan rann út þann 1. janúar 2019 án úrbóta og verður það frávik því aftur skráð. Sækja þarf um breytingu á starfsleyfi óski rekstraraðila eftir því að Umhverfisstofnun taki til athugunar að breyta kröfum um olíuhelt áfyllingarplan með niðurfall í lægsta punkti.

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skráningar og mælingar skv. 3. kafla.

Rekstrarhandbók er rafræn og skráningar í hana gerðar í sameiginlegan gagnagrunn rekstraraðila. Nettengd tölva er til staðar í stöðinni og starfsmenn komast inn á sameiginlegan grunn í gegnum hana. Haldið er utan um skráningar á viðhaldi, eftirliti og bilunum á mengunarvarnarbúnaði s.s. hreinsivirkir í frárennsli og lekavarnarbúnaði í dagbók og fært er inn í hana jafnóðum. Verklagsreglur um löndun biks eru í rafrænni rekstrarhandbók og er þeim fylgt við löndun biks. Teikningar af stöðinni var að finna í möppu á starfsstöðinni. Engin mengunaróhöpp hafa verið skráð frá síðasta eftirliti og engar kvartanir eða ábendingar hafa borist um slíkt til Umhverfisstofnunar.

Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða var sent sem viðhengi með fundarboðinu. Var það yfirfarið að eftirliti loknu og uppfært miðað við núverandi stöðu. Verður yfirfarið áhættumat sent eftirlitsaðila í lok árs. Áhættumat vegna bráðamengunar liggur fyrir í rekstrarhandbók og er bikstöðin með ábyrgðartryggingu til samræmis við ákvæði í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, með gildistíma til 30.04.2021.

Olíugeymar voru þykktarmældir árin 2016 (bikgeymir), 2015 (viðloðunarefnisgeymir) og 2017 (lýsisgeymir). Með reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi hefur krafa um botnþykktarmælingar á jarðbiksgeymum á 10 ára fresti verið feld út en ákvæðið er þó enn gilt í starfsleyfi. Því þarf að óska eftir breytingu á starfsleyfi til eftirlitsaðila, ef ekki verður farið í botnþykktarmælingar innan 10 ára frá síðustu mælingu. Þykktarmæla þarf aðra geyma á a.m.k. 10 ára fresti. Þrýstiprófun á löndunarlögn fór fram árið 2017 og er því næsta prófun árið 2022. Við eftirlit voru um 454.000 lítrar af biki í geyminum og eru um 3 landanir að meðaltali af biki á ári inn í stöðina.

Stöðin er staðsett innan lóðar Olíudreifingar og er leigusamningur þar um. Olíuskiljur eru því sameiginlegar með Olíudreifingu og sér hún um að þjónusta skiljurnar og taka sýni skv. gr. 3.2 í starfsleyfi. Fyrirhugað er að sýni verði tekin úr olíuskiljum á næstu vikum og þau send í greiningu. Rekstraraðili er minntur á að það er á ábyrgð starfsleyfishafa að senda niðurstöður mælinganna til eftirlitsaðila er niðurstöður berast.

Viðloðunarefni fyrir bik m.a. Impact 8000 og Wefix N eru geymd í mengunarvarnarþró rekstraraðila. stöðvarinnar og eru merkt „marine pollutant“. Mikilvægt er að loki í þrónni sé alltaf lokaður nema þegar rigningarvatni er hleypt niður í gegnum olíuskiljuna.

Allur úrgangur er færður í móttökustöð Gámaþjónustunnar en engin spilliefni eru á staðnum og því engin förgun á þeim.


Gengið var um stöðina og hún skoðuð. Rigning var er eftirlitið fór fram og sjá mátti polla myndast í lekavarnarþrónni sem gefur til kynna lekaheldni hennar. Áfylling flutningabifreiða fer fram sem áður, á malarplani við hlið bikgeymisins. Mölinni er skipt út eftir þörfum. Töluvvert af tómum bönbum undan IMPACT 800 og WETFIX N eru geymdir í lekavarnarþrónni en rekstraraðila er bent á að fjarlægja þá jafn óðum og þeir tæmast. Bæði til þess að minnka ekki þróarrýmdina og einnig vegna þess að varasamt getur verið að geyma eldfim efni og tærandi nálægt hvoru öðru. Eldur getur kvíknað ef efnin ná að hvarfast saman.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

Gr. 2.2 í starfsleyfi

Krafa er gerð um að áfylling flutningsgeyma (bíla) skuli fara fram á olíuheldu áfyllingarplani með niðurfalli í lægsta punkti sem tengt er olíuskilju.



ÁBENDINGAR

Ábending er sett fram um að fjarlægja þurfi tóma efnabamba undan IMPACT 800 og WETFIX N sem geymdir eru í lekavarnarþrónni, jafn óóum og þeir tæmast.

ANNAÐ


Rekstraraðila er bent á að sækja þurfi um breytingu á ákvæði gr. 3.2 í starfsleyfi til samræmis við 20. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Að öðrum kosti þarf að botnþykktarmæla bikgeymi næst árið 2026.

Skv. gr 2.1 í starfsleyfi skal olíuheld lekavörn vera að lágmarki 90% af rúmtaki stærsta geymis, sem er skv. ákvæðum starfsleyfis 780m³. Séu fleiri en einn geymir í sömu lekavörn skal rúmtak hennar vera auk ofangreinds, viðbætt rýmd annarra geyma í hæð lekavarnar. Skoða þarf með Olíudreifingu hvort þróarrýmdin sé nægjanleg fyrir þá geyma sem staðsettir eru í þrónni.

Reykjavík, 27.10.2020

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Guðbjörg Stella Árnadóttir

bls. 4